

17. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 29.6. 2023, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitastjóri. Skúli Björn Gunnarsson mætti undir lið 1 og 2.

Dagskrá:

1. Skógarafurðir ehf. hlutafjárúkning
2. Samstarf norðurslóðaverkefnis um menningarlandslag
3. Leigusamningur um land undir byggðakjarna í Hamborg
4. Samþykkt um umgengni og þrífnað utanhúss, síðari umræða
5. Tilboð í breytingu á aðalskipulagi
6. Styrkur frá BÍ
7. Fundargerðir:
 - a. 7. Verkfundur byggingar þjónustuhúss við Hengifoss 7.6.2023
 - b. Skipulags-og byggingarnefndar 21.6.2023
 - c. Sveitarfélaga á Austurlandi og Langanesbyggðar um vindorkumál 7.6.2023
 - d. Almannaþingarnefnd Austurlands 13.6.2023
 - e. Heilbrigðisnefndar Austurlands 15.6.2023
 - f. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 9.6.2023
 - g. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 15.6.2023
8. Styrkbeiðni til bókaútgáfu
9. Skýrsla sveitarstjóra
10. Önnur mál:

1. Skógarafurðir ehf. Hlutafjárúkning

Skúli Björn Gunnarsson kynnti þær breytingar sem hafa verið gerðar á hlutafé félagsins. Þrjú nýjir hluthafar hafa bæst við og viðskipakröfum eigenda breytt í hlutafé. Samþykkt að nýta ekki forkaupsrétt sveitarfélagsins til hlutafjárúknings. Hluttur sveitarfélagsins er 8,8%. Skúli Björn er áfram skipaður í stjórn félagsins fyrir hönd sveitarfélagsins.

2. Samstarf norðurslóðaverkefnis um menningarlandslag

Verkefnið snýst um að draga fram staðbundna þekkingu og nýta stafræna tækni til að gera samfélögum kleift að varðveita menningarlandslag og sýna hvernig það lagar sig að loftslagsbreytingum. Einnig til að skipuleggja framkvæmdaáætlanir við endurheimt landgæða í ljósi hraðra breytinga á umhverfinu. Þessar breytingar geta ógnað menningu, menningararfi og samfélagi á svæðinu en stofnanir sem miðla menningararfinum eru lykilaðilar við að hvetja íbúa og ferðamenn til aukinnar meðvitundar og aðgerða.

Samstarfsaðilar íslenskir:

Fljótsdalshreppur, Óbyggðasetrið, Sögusetrið 1238, Háskólinn á Hólum og Vatnajökulspjóðgarður.

Skúli Björn vék af fundi kl: 14:30

3. Leigusamningur um land undir byggðakjarna í Hamborg

Drög að samningi kynnt. Sveitarstjóra falið að klára samninginn með fyrirbyggjandi drög.

4. Samþykkt um umgengni og þrífnað utanhúss, síðari umræða

Samþykkt samhljóða.

5. Tilboð í breytingu á aðalskipulagi

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði frá Landmótun. Sveitarstjóra falið að ganga frá samkomulagi við Landmótun. Tilboðið hljóðar uppá tæpar kr. 2.000.000.

6. Styrkur frá BÍ

Sveitarfélagið fékk styrk kr. 520.000 í Búsetuminjaverkefni sem hefur verið unnið í samstarfi við Gunnarsstofnun.

7. Fundargerðir:

a. 7. Verkfundur byggingar þjónustuhúss við Hengifoss 7.6.2023

Kynnt

b. Skipulags-og byggingarnefndar 21.6.2023

Kynnt og samþykkt að veita byggingarleyfi fyrir byggingu sumarhúsa í landi Hóls.

Þann 22. júní birtist auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Víðivalla ytri 1. Þar með er lokið formlegu afgreiðsluferli þessa verkefnis og hefur það hlotið lögbundna gildistöku.

- c. **Sveitarfélagi á Austurlandi og Langanesbyggðar um vindorkumál 7.6.2023**
Kynnt
- d. **Almannavarnarnefnd Austurlands 13.6.2023**
Kynnt
- e. **Heilbrigðisnefndar Austurlands 15.6.2023**
Kynnt
- f. **Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 9.6.2023**
Kynnt
- g. **Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 15.6.2023**
Kynnt

8. Styrkbeiðni til bókaútgáfu

Samþykkt að kaupa 2 eintök í forsölu af bókinni: Lýðræði í mótun eftir Hrafinkel Lárússon.

9. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarfélagið fékk kr. 2.000.000 í styrkvegaskjöld frá Vegagerðinni.

Haustfundur SSA og Austurbrúar verður haldinn dagana 28.-29. Sept í Fljótsdal. Gisting hefur verið tekin frá í Óbyggðasetrinu og Hengifoss Gistihúsi.

Endurskoðandi sveitarfélagsins Sigurður Álfgeir Sigurðarson er að hætta vinnu hjá Deloitte. Sveitarstjórn þakkar Sigurði Álfgeiri gott samstarf í gegnum árin og óskum við honum velfarnaðar í nýju starfi. Samþykkt að leyta tilboða í endurskoðun fyrir sveitarfélagið.

10. Önnur mál:

Samþykkt að senda inn umsögn við drög að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 sem er til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda. Sveitarstjórn styður við allar samgöngubætur sem fyrirhugaðar eru á Austurlandi. Sveitarstjórn leggur til að lagning gangna um Fjarðarheiði verði flýtt til ársins 2024. Við leggjum einnig til að hafist verði handa við heilsársveg yfir Öxi. Þá viljum við ítreka nauðsyn þess að setja fjármagn í héraðs/og tengivega í Norður og Suðurdal í Fljótsdal svo framkvæmdir verði tryggðar árin 2024 og 2025.

Halla sagði frá stöðu sormála í sveitarfélaginu og ítrekaði þann kostnað sem mun falla á íbúa með nýjum reglum sem brátt munu falla í gildi. Stefnt er á kynningarfund á nýja fyrirkomulaginu í haust sem verður á vegum Íslenska Gámafélagsins.

Kjartan sagði frá fyrirhuguðum framkvæmdum við Hengifoss og frá björgunarsveitaræfingu sem tókst vel.

Fundi slitið kl 17:40

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Anna Jóna Árnarsdóttir

Halla Auðunardóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Kjartan Benediktsson

Lárus Heiðarsson oddviti